

## 8. fundur í starfshópi um gerð húsnæðisáætlunar.

Haldinn kl. 16, þriðjudaginn 25. apríl 2017 í bæjarráðssal að Strandgötu 6.

Mættir: Guðlaug Kristjánsdóttir, Sverrir Garðarsson, Guðmundur Ragnar Ólafsson, innkaupastjóri og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Fyrir fundinum lá tilboð ALTA og KPMG um tilboð í gerð húsnæðisáætlunar. Að undangengnu samráði við starfshópinn hafði verið leitað tilboða hjá þremur aðilum í gerð húsnæðisáætlunarinnar, ALTA, KPMG og VSÓ. Tilboð VSÓ var það hátt og mun hærra en hinna þannig að ákveðið var að fá fulltrúa ALTA og KPMG til fundarins til að svara fyrirspurnum. Á fundinn mætti Árni Geirsson frá ALTA og Guðmundur Pálsson og Oddur Gunnar Jónsson frá KPMG til viðræðna um tilboð í gerð húsnæðisáætlunar. Aðilar mættu í sitthvoru lagi og voru ekki samtímis á fundinum.
2. Þar sem einungis tveir fulltrúar starfshópsins sáu sér fært að mæta á fundinn er ákveðið að kalla saman fund í starfshópnum í byrjun næstu viku þar sem tekin yrði afstaða til fyrirbyggjandi tilboða.

Fundi slitið kl. 18:00.